

# STÆR1FA05

## Kennsluáætlun

### Viðfangsefni áfangans:

Unnið verður með grunnþætti stærðfræðinnar og áhersla lögð á að efla skilning og þekkingu nemenda á undirstöðuatriðum. Farið verður yfir forgangsröð aðgerða, brotareikning, bókstafareikning (algebru) og jöfnureikning. Jafnframt verður lagður grunnur að vönduðum vinnubrögðum í stærðfræði.

### Námsgögn:

- **UPP Á PUNKT** – höfundur: Kjartan Heiðberg. Útgefandi: Iðnú, 2009.
- Annað efni í samráði við kennara
- Vasareiknir og rúðustrikuð vinnubók

### Námsmat:

Ástundun/Vandvirkni	20%
Stöðupróf á önn	20%
Próf í lok annar	60%

Til að kanna vandvirkni í námi verður vinnubók skoðuð sérstaklega tvisvar á önninni, í 39. viku og 46. viku. Lögð verða fyrir stöðupróf á önninni í lok hvers kafla og gildir meðaleinkunn þeirra 20% af lokaeinkunn.

**Lokaprófið gildir 60% og verður prófað úr öllu námsefninu á prófatíma í lok annar.**

**Nemandi sem uppfyllir að meðaltali 65% af námsmarkmiðum annarinnar hefur möguleika á því að sleppa lokaprófi.** Þá reiknast lokaeinkunn í áfanganum þannig: Meðaleinkunn úr stöðuprófum gildir 80% og ástundun og vandvirkni 20%.

### Ábending frá kennurum:

Fjarvera úr tíma lengur en 10 mínútur jafngildir fjarvist úr kennslustund. Árangur næst aðeins ef nemandi mætir vel og stundvíslega í kennslustundir og stundar námið af alvöru.

Ef nemandi mætir í kennslustund án tilskilinna kennslugagna eða veldur truflun þá er kennara heimilt að vísa honum úr tíma og skrá fjarvist á hann.

Notkun á fartölvum og snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennarans.

### Yfirferðaráætlun:

Vika	Efni
34-36	Aðgerðirnar 4
37-38	Röð aðgerða
39-41	Almenn brot
42-45	Bókstafareikningur / algebra
46-48	Jöfnur
49	Upprifjun

Þeir nemendur sem treysta sér til að fara hratt og vel yfir efni bókarinnar eiga möguleika á því að ljúka áfanganum STÆR1GS05 í samráði við kennara.

**Ath.** Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar á önninni.

F.Su. 16. ágúst 2017

Gangi þér vel á önninni!

Kennarar: Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir (GHG) og Ólafur Bjarnason (ÓB).